Úttektaáætlun 2027

Úttektaáætlun 2027 byggir á Landsbundinni úttektaáætlun til margra ára (LÚMA 2024-2028) sem samþykkt var af úttektastjórn í byrjun árs 2024. Við gerð áætlunarinnar var horft til niðurstaðna áhættumats á eftirliti MAST (nú STAV) sem og úttektaáætlunar ESA fyrir Ísland 2027.

Áætlun ársins gerir ráð fyrir þremur úttektum og útfærir nánar umfang þeirra og skipulag. Gert er ráð fyrir að úttektirnar feli í sér heimsóknir til eftirlitsþega (ef við á), en það bíður úttektarmanna einstakra úttekta að útfæra það endanlega.

Úttekt 2027-01	**Reglubundið eftirlit í sláturhúsum**
Úttektarþegi:	Stofnun atvinnuveganna – *Svið/deild háð skipuriti*
Úttektamarkmið:	Að skera úr um hvort reglubundið eftirlit í sláturhúsum, skipulag þess og eftirfylgni sé í samræmi við fyrirhugað fyrirkomulag og hvort þessu fyrirkomulagi sé hrundið í framkvæmd með skilvirkum og hentugum hætti.
Umfang úttektar:	Reglubundið eftirlit í sláturhúsum samkvæmt lögum 93/1995 um matvæli og lögum 55/2013 um dýravelferð og reglugerðum nr. 104/2010 um hollustuhætti er varða matvæli úr dýraríkinu, nr. 135/2010 um örverufræðileg viðmið, nr. 911/2012 um vernd dýra við aflífun og nr. 234/2020 um opinbert eftirlit.

Úttekt 2027-03	**Eftirlit með fæðubótarefnum**
Úttektarþegi:	Stofnun atvinnuveganna – *Svið/deild háð skipuriti*
Úttektamarkmið:	Að skera úr um hvort eftirlit með fæðubótarefnum, skipulag þess og eftirfylgni sé í samræmi við fyrirhugað fyrirkomulag og hvort þessu fyrirkomulagi sé hrundið í framkvæmd með skilvirkum og hentugum hætti.
Umfang úttektar:	Eftirlit með fæðubótarefnum samkvæmt lögum 93/1995 um matvæli og reglugerð nr. 624/2004 um fæðubótarefni með síðari breytingum.

Úttekt 2027-02	**Eftirlit með skráningu dýralyfjanotkunar**
Úttektarþegi:	Stofnun atvinnuveganna – *Svið/deild háð skipuriti*
Úttektamarkmið:	Að skera úr um hvort eftirlit með skráningu lyfjanotkunar, skipulag þess og eftirfylgni sé í samræmi við fyrirhugað fyrirkomulag og hvort þessu fyrirkomulagi sé hrundið í framkvæmd með skilvirkum og hentugum hætti.
Umfang úttektar:	Eftirlit með skráningu lyfjanotkunar samkvæmt lögum nr. 14/2022 um dýralyf, lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr og reglugerðum nr. 539/2000 um heimildir dýralækna til að ávísa lyfjum, nr. 303/2012 um rafræna skráningu dýralækna á sjúkdómum og lyfjameðhöndlun, nr. 303/2023 um sýkingalyf, nr. 124/2024 (EB/2022/1644) um sértækar kröfur um eftirlit á notkun dýralyfja og fóðuraukefna og leifa þeirra og nr. 740/2020 um lyfjaávísanir og afhendingu lyfja og nr. 234/2020 um opinbert eftirlit (EB/2017/625).

Úttektaaðili

Úttektaaðili er gæðastjóri Stofnunar atvinnuveganna (STAV). Úttektaaðili skipuleggur og stjórnar framkvæmd innri úttekta samkvæmt samþykktum úttektaáætlunum. Úttektaaðili skipar úttektarhópa sem í skulu vera minnst tveir úttektarmenn og skal annar þeirra vera valinn sem úttektarstjóri. Gæðastjóri STAV er að jafnaði úttektarstjóri ef hann er meðlimur úttektarhóps. Úttektaaðili annast útgáfu skilríkja til úttektarmanna sem staðfestingu á umboði þeirra. Úttektaaðili skal tryggja samræmi milli úttektamanna og, í samráði við úttektastjórn, að hæfni þeirra sé viðhaldið.


Á grundvelli samþykktrar úttektaáætlunar skipuleggur úttektaaðili hverja úttekt og skilgreinir umfang hennar og þátttakendur. Til þess að ná markmiðum úttektar getur umfang úttektar náð út yfir og þvert á stjórnsýsluleg mörk og til margra lögbærra yfirvalda.

Úttektaaðili skipar úttektarstjóra fyrir hverja úttekt sem skipuleggur dagskrá úttektar í samráði við yfirmann/yfirmenn úttektarþega. Úttektarskipulag og beiðni um upplýsingar skal sent hlutaðeigandi aðilum eigi síðar en mánuði fyrir fyrirhugaða úttekt.

Úttektarmenn hafa frjálsar hendur og sveigjanleika varðandi frekari skilgreiningu á bæði umfangi úttektar og þeim viðmiðum sem lögð verða til grundvallar. Ofangreind lýsing og upptalning á löggjöf er því eingöngu til viðmiðunar.

Við framkvæmd innri úttekta á opinberu eftirliti er stuðst við leiðbeiningar ÍST EN ISO 19011:2018 og þær viðmiðunarreglur sem koma fram í leiðbeinandi skjali EB 2021/C 66/02 um undirbúning, framkvæmd og meginþætti innri úttekta.

Framkvæmd innri úttekta er eftirfarandi:



Tafla 1. Áætlaður tímarammi úttekta (ekki bindandi).

Stofnun atvinnuveganna
Innri úttektaáætlun 2027

Úttekt	Úttektaþegar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember
2027-01	STAV		Opnunarfundur: 22. mars									
Reglubundið eftirlit í slátur-húsum			Vettvangsúttekt									
			Lokafundur: 26. mars									
2027-02	STAV									Opnunar-fundur: 11. október		
Fæðubótarefni										Vettvangs-úttekt		
										Lokafundur: 14. október		
2027-03	STAV											Opnunar-fundur: 6. desember
Dýralyfjanotkun												Vettvangs-úttekt
												Lokafundur: 9. desember

Tímasetningar úttekta gætu breyst og verða ákveðnar endanlega í samráði við úttektaþega.

Samþykkt í Gæðaráði Matvælastofnunar 13. janúar 2026,

Hrönn Ólína Jörundsdóttir, forstjóri